



Losun vegna framleiðslu málma langmest í iðnaði hér á landi

Í nýlegri [Hagsjá](#) kom fram að losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenska hagkerfinu hefur verið langmest frá flutningum á síðustu árum og þar á eftir í framleiðslu. Fyrir utan þessar tvær greinar eru það landbúnaður og fiskveiðar og svo heimilin sem losa mest hér á landi. Losun hefur almennt farið minnkandi frá árinu 2016 og var sú þróun farin af stað áður en kórónufaraldurinn lét til sín taka, en óneitanlega hefur faraldurinn truflað allan samanburð varðandi þróun á síðustu misserum.

Losun frá flutningum hefur minnkað mikið á síðustu árum og á það bæði við um sjóflutninga og flug. Losun vegna flutninga á sjó hefur þannig minnkað um 44% frá fyrri hluta ársins 2016 fram til sama tíma 2021 og losun frá flugi um 83%.

Losun vegna framleiðslu málma yfirgnæfandi í iðnaði


Sé litið á losun gróðurhúsalofttegunda í iðnaði hér á landi kemur ekki á óvart að framleiðsla málma er þar í algerum sérflokk. Á fyrri hluta ársins 2021 komu um 92% af allri losun í iðnaði frá framleiðslu málma og um 40% af allri losun atvinnulífs (öll losun án losunar frá heimilum) hér á landi kom frá framleiðslu málma á því tímabili.

Framleiðsla málma nokkuð stöðug

Sé litið á þróunina frá 2016 kemur í ljós að losun vegna framleiðslu málma er eilítið sveiflukennd innan ársins, en meðallosun á ársfjórðungi á öllu tímabilinu var um 450 þúsund tonn CO₂ ígilda. Sveiflan er þó ekki meiri en svo að munurinn milli hæsta og lægsta gildis er um 13% af meðallosun, þannig að losunin er eðli málsins samkvæmt nokkuð stöðug.


Frá árinu 2016 fram til 2019 var hlutfall losunar málma af losun alls atvinnulífs nokkuð stöðugt í kringum 30%. Þetta hlutfall var svo töluvert herra á árunum 2020 og 2021, aðallega vegna minni losunar í flutningum, sérstaklega flugi. Eins og sjá má hefur losun frá framleiðslu málma ekki aukist í tonnum á þessu tímabili.

Skipting heildarlosunar 2016



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Framleiðsla málma - magn losunar og hlutfall af allri losun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




Losun annarra iðngreina mismunandi

Þar sem aðrar framleiðslugreinar hér á landi losa mjög lítið miðað við framleiðslu málma er losun þeirra sýnd hér sem hlutfall af losun við framleiðslu málma.

Framleiðsla á mat- og drykkjarvöru losar mest af þessum greinum, en þó ekki nema um 4% af losun við framleiðslu málma á fyrri hluta ársins 2021. Framleiðsla á efnum og efnavörum og vörum úr málmlausum steinefnum koma næstar og hefur losun vegna þeirrar starfsemi aukist. Losun vegna framleiðslu á pappír og pappírsvörum mælist hins vegar ekki lengur og má í því sambandi rifja upp fréttir af því þegar innlend framleiðsla á pappírsvörum lagðist af eftir að Costco hóf starfsemi hér á landi. Losun vegna framleiðslu þessa pappírs hefur þó ekki horfið, en mælist þess í stað innan annara hagkerfa.

Losun iðngreina sem hlutfall af losun við framleiðslu málma




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Aðrar iðngreinar skipta ekki miklu í stóra samhenginu

Fyrir utan flutninga og framleiðslu eru það landbúnaður og fiskveiðar sem losa mest af gróðurhúsalofttegundum hér á landi, eða um fjórðung samtals. Yfirferðin hér sýnir að aðrar framleiðslugreinar en framleiðsla málma vega ekki þungt í stóra samhenginu hvað losun varðar.

Það verður athyglisvert að fylgjast áfram með þróun þessara mála, sérstaklega eftir að afleiðingum faraldursins fer að linna og hagkerfið kemst aftur í eðlilegt horf. Markmið stjórnvalda, og þar með skuldbindingar, um a.m.k. 55% minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030 miðað við árið 1990 eru háleit og ljóst er að það þarf að vinna öflugt starf til að þau náist.

Losun íslenska hagkerfisins á gróðurhúsalofttegundum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.